

Þingskjal 1706 — 879. mál.

## Tillaga til þingsályktunar

um samgönguáætlun fyrir árin 2015–2026.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Alþingi ályktar, sbr. lög um samgönguáætlun, nr. 33/2008, að fram til ársins 2026 skuli unnið að samgöngumálum í samræmi við áætlun þessa sem felur í sér:

- stefnumótun í samgöngumálum og helstu markmið sem vinna skal að,
  - skilgreiningu á grunnneti samgöngukerfisins sem nær til alls landsins og er ætlað að tryggja landsmönnum greiðar samgöngur,
  - áætlun um fjáröflun til samgöngumála,
  - yfirlit um útgjöld til allra helstu þátta í rekstri samgöngustofnana, svo og viðhalds, öryggismála og nýframkvæmda á sviði flugmála, siglingamála og vegamála.
- Fjárhæðir eru á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2016 í milljónum króna.

### 1. STEFNUMÓTUN

#### 1.1 Markmið um greiðar samgöngur.

Aðgengi fólks að þjónustu og vörum verði aukið og hreyfanleiki bæt看ur.

Búsetugæði verði aukin með því að bæta samgöngur innan skilgreindra vinnusóknar-svæða og stækka þau þar sem hægt er.

Uppbygging og rekstur samgangna stuðli að eflingu atvinnulífs innan og milli landshluta.

Gáttir landsins verði skilgreindar og styrktar.

Samgöngukerfið verði lagað að hröðum vexti ferðaþjónustu, m.a. vegna markmiða um dreifingu ferðamanna um landið.

Áherslur til að ná þessum markmiðum:

- Litið verði á samgöngukerfið sem eina samþætta heild sem þjóni íbúum og atvinnulífi sem best.
- Við uppbyggingu í grunnneti samgangna verði tillit tekið til eflingar vinnusóknar-svæða.
- Leitast verði við að styrkja samgöngur þannig að sem flestum landsmönnum sé kleift að nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á sem stystum tíma.
- Þjónusta í grunnnetinu verði bætt.
- Lokið verði við endurbyggingu allra helstu stofnleiða á landi og tengingu þeirra með bundnu slitlagi og viðunandi burðarþoli við þéttbýli með fleiri en 100 íbúa.
- Gert verði sérstakt átak við lagningu á bundnu slitlagi á umferðarlitla vegi sem hafa viðunandi burðarþol þrátt fyrir að veghönnun sé að einhverju leyti ábótavant.